



Gjaldskrá vegna hunda- og kattahalds í Mýrdalshreppi

Árgjald fyrir skráða hunda er kr. 8.600, sbr. 2. gr. samþykktar um hunda- og kattahald í Mýrdalshreppi.

Innifalið í árgjaldi er iðgjald ábyrgðartryggingar og hreinsunargjald sbr. liði c) og d) 2. gr. Samþykktar nr. 757/2008 um hunda- og kattahald í Mýrdalshreppi.

Kostnaður vegna handsömunar hunda sem teknir eru lausir skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausu hunda að ræða. Sá kostnaður greiðist með handsömunargjaldi sem er eftirfarandi.

Í fyrsta sinn kr.12.000.

Í annað sinn kr.17.000.

Í þriðja sinn og oftar kr.25.000.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

Árgjald fyrir skráða ketti er kr. 8.600, sbr. 6. gr. samþykktar um hunda- og kattahald í Mýrdalshreppi.

Innifalið í árgjaldi er iðgjald ábyrgðartryggingar og hreinsunargjald sbr. liði c) og d) 6. gr. Samþykktar nr. 757/2008 um hunda- og kattahald í Mýrdalshreppi.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Mýrdalshrepps 15. apríl 2021. Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá nr. 62/2019 vegna hunda- og kattahalds í Mýrdalshreppi úr gildi.

Mýrdalshreppur, 15. apríl 2021.

F.h. sveitarstjórnar Mýrdalshrepps
Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri

B deild - Útgáfud. 4. maí 2021